

**REGLUGERÐ****um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1985 til 1. september 1985 eru allar togveiðar bannaðar á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- |    |            |            |
|----|------------|------------|
| a) | 64° 10'8 N | 15° 42'6 V |
| b) | 64° 06'0 N | 16° 05'0 V |

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómílnur frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júní 1985.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**Pórður Eyþórsson.**AUGLÝSING****um staðfestingu á aðalskipulagi Bakkafjarðar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. júní 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bakkafjarðar í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.